



Sveitarstjórnarfundur 26. júlí 2023

Miðvikudaginn 26. júlí 2023 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 14. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Ingólfur Árni Haraldsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið 18

Dagskrá 14. fundar:

1. Fundargerð 13. sveitarstjórnarfundar 04.06.2023
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Sérhæfð velferðarþjónusta á Vestfjörðum – Þriðja umræða
5. Viðauki við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Fyrri umræða
6. Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Fyrri umræða
7. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Þriðja umræða
8. Erindi frá skólastjóra Grunnskóla Drangness
9. Málstefna Kaldrananeshrepps
10. Fyrirhugaðar framkvæmdir
11. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags
12. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi
13. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi
14. Erindi vegna ágangs sauðfjár
15. Áætlun Drangsneshafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa
16. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
17. Bréf frá Bændasamtökum Íslands
18. Samningur um rekstur Félagsþjónustu Dala, Stranda og Reykhólahrepps og Velferðarnefndar

Fundargerð:

1. Fundargerð 13. sveitarstjórnarfundar 04.06.2023.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð Fræðslunefndar, 27.06.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

3. Aðrir fundir

- a. 51. fundur velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 07.06.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- b. Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, 31.05.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 928. fundur stjórnar, 02.06.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga, 929. fundur stjórnar, 09.06.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 930. fundur stjórnar, 15.06.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 931. fundur stjórnar, 22.06.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Sérhæfð velferðarþjónusta á Vestfjörðum – Þriðja umræða

Lög um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 tóku í gildi í lok maí 2022 en helstu breytingar þess eru að umdæmi barnaverndarþjónustu skal vera í það minnst 6.000 íbúar og hafa yfir að skipa sérhæfðu starfsfólki í það minnsta tveim stöðugildum. Að auki þarf að hafa aðganga að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með annars konar uppeldismenntun.

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga fól stjórn að skipa starfshóp um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Starfshópurinn hefur nú lagt fram drög að samningi að sérhæfðri velferðarþjónustu á Vestfjörðum og tillögu að samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Tillögur starfshóps lagðar fyrir til þriðju umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum þar sem Ísafjarðarbær mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag.

Oddvita falið að undirrita samning f.h. Kaldrananeshrepps.

Borið upp og samþykkt.

5. Viðauki við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Fyrri umræða

Ísafjarðarbær hefur tekið að sér að vera leiðandi sveitarfélag samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Fer Ísafjarðarbær því með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og þjónustu við

fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Viðauki við samþykkt um stjórn og fundarsköp við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum liggur fyrir þar sem starfsfólki Ísafjarðarbæjar er veitt fullnaðarafgreiðsluheimild.

Viðauka vísað til seinni umræðu.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Fyrri umræða

Strandabyggð óskaði í byrjun maí á þessu ári eftir því að verða aðili að Velferðarþjónustu Vestfirðinga en lög um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 tóku í gildi í lok maí 2022. Hófu því sveitarfélög á Vestfjörðum samstarf í byrjun þessa árs þar sem Ísafjarðarbær tók að sér að vera leiðandi sveitarfélag.

Nú hafa aðildarsveitarfélögin að Velferðarþjónustu Vestfirðinga samþykkt aðild Strandabyggðar og liggur nú fyrir Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Viðauka I vísað til seinni umræðu.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Þriðja umræða

Uppfærð samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps tekin til yfirferðar þar sem tekið hefur verið tillit til lagabreytinga, nýrrar fyrirmyndar frá ráðuneytinu og yfirfarið af Innviðaráðuneytinu.

Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps lögð fram til kynningar.
Málinu frestað til næsta fundar.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Erindi frá skólastjóra Grunnskóla Drangsness

Hjálagt er erindi frá skólastjóra Grunnskóla Drangsness þar sem farið er yfir helstu mál grunnskólans á næsta skólaári en til dæmis þá verður samstarfi skólans við Grunnskólann á Hólmavík aukið.

Einnig er óskað eftir því að Grunnskóli Drangsness innleiðir Mentor námsumsjónarkerfi en það einfaldar alla vinnu við skipulagningu náms þar sem öll verkefni og námsáætlanir eru beintengdar við hæfnisviðmið sem og lykilhæfni úr aðalnámskrá.

Erindi lagt fram til kynningar.

Varaoddvita falið að semja um skólaakstur og fá staðfest um þátttöku fjórðu bekkinga í félagsmiðstöðina Ozon.

Sveitarstjórn tekur vel í innleiðingu Mentor námsumsjónarkerfisins og tölvukaupa.

Þjónustufulltrúa falið að upplýsa skólastjóra.

Borið upp og samþykkt.

9. Málstefna Kaldrananeshrepps

Fyrir liggur málstefna Kaldrananeshrepps þar sem vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnarsýslu Kaldrananeshrepps.

Málstefna Kaldrananeshrepps lögð fram til kynningar og samþykkt.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borin upp og samþykkt.

10. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Oddviti gerir grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á Vitavegi á Drangnesi. Fyrir liggja útlitsteikningar af tveimur stærðum af húsum ætluðum fyrir Vitaveg. Um er að ræða tvær stærðir, 36m² og 58m².

Fyrirhugaðar framkvæmdir lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn óskar eftir frekari upplýsingum og fundi með Bláhyl ehf.

Samþykkt er að hefja óverulega breytingu á deiliskipulagi á Vitavegi, Drangnesi.

Borið upp og samþykkt.

11. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Kaldrananeshreppi barst umsókn þar sem óskað er eftir því að nemandi með lögheimili í hreppnum fái að sækja nám í öðrum hverfisskóla fram að næsta skólaári.

Sveitarfélagið mun í kjölfar þess greiða þann kostnað sem kemur til vegna skólavistunarinnar.

Umsókn lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við umsókninni og mun greiða þann kostnað við skólavist í öðrum skóla fram að næsta skólaári.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

12. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst umsókn þar sem óskað var eftir leiguíbúð á Drangnesi.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknirnar og mun leita lausna.

Borið upp og samþykkt.

13. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst ein umsókn þar sem óskað var eftir því að fá leigða lóð númer 6 í landi Klúku í Bjarnarfirði.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknina og samþykkir að afhenda umbeðna lóð. Þjónustufulltrúa falið að bregðast við. Borið upp og samþykkt.

14. Erindi vegna ágangs sauðfjár

Erindi barst frá landeigendum þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn bregðist við ágangi fjár í landi sínu.

Erindi lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn ákveður að kynna sér málið betur. Oddvita falið að ræða við viðeigandi aðila um lausnir. Borið upp og samþykkt.

15. Áætlun Drangsneshafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum skulu hafnaryfirvöld gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Einnig skal endurskoða áætlunina á þriggja ára fresti sem og eftir meiriháttar breytingar á rekstri hafnarinnar

Áætlun Drangsneshafnar frá árinu 2020 lögð fram til kynningar. Hafnarstjóra falið að uppfæra upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem tekið er á móti í höfninni í samræmi við þjónustufulltrúa. Borið upp og samþykkt.

16. Eftirlitsskýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Eftirlitsskýrsla Samkomuhússins Baldur greinir frá því að betrumbæta þarf losunaraðstöðu fyrir ökutæki og ferðavagna. Einnig þarf slanga fyrir skolun á holræsaúrgangi og neysluvatni að vera aðskilin en ekki er nægjanlega langt á milli.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

17. Bréf frá Bændasamtökum Íslands

Hjálagt er bréf frá Bændasamtökum Íslands varðandi lausagöngu búfjár. Í bréfinu koma Bændasamtökin nokkrum atriðum á framfæri þar sem farið er yfir helstu sjónarmið er varða lausagöngu og ágang búfjár.

Bréf lagt fram til kynningar.

18. Samningur um rekstur Félagsþjónustu Dala, Stranda og Reykhólahrepps og Velferðarnefndar

Í vor samþykktu sveitarfélögin sem standa að Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps að Dalabyggð gangi inn í þjónustuna. Félagsþjónustan og Velferðarnefnd verðir þá Dala, Stranda og Reykhólahrepps.

Fyrir liggja drög að samningi að nýju fyrirkomulagi.

Drög að samningi lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að taka erindið til frekari skoðunar fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Borið upp og samþykkt

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 23:26